

Sp. 490. Tillaga til þingsályktunar

um lækningastöð á landi ríkisins í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram nauðsynlegan undirbúning og rannsókn á því, hversu bezt mætti koma fyrir lækningastöð á landi ríkisins að Reykjum í Ölfusi, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum keypti ríkið fyrir 100 þús. kr. fimm jarðir í Ölfusi. Voru þrjár jarðirnar, Reykjakot, Reykir og Reykjahjáleiga, sem liggja undir fjallshlíð austan og sunnan Varmár, með miklum jarðhita, en tvær, Kross og Vellir, niðri á sléttlendinu án þessara hlunninda. Síðar hefur ríkið keypt mestallt það land, sem Hveragerði er byggt á, og stendur til að kaupa meira, þannig að ríkið eignist allt þetta jarðhitasvæði samfellt.

Jarðirnar Kross og Vellir eru góðar bújarðir og mundu nú seljanlegar fyrir hærra verð en goldið var fyrir alla Reykæignina, þegar hún var keypt. En þær hafa ekki sérstaka þýðingu sem ríkiseign. Öðru máli er að gegna um Reykjakot, Reyki og Reykjahjáleigu. Þar má koma við margháttuðum umbótum til þjóðþrifa. Hefur ríkið nú látið reisa garðyrkjuskóla landsins að Reykjum, og eru þar nú einhver mestu gróðurhús, sem til eru hér á landi. Innst í dalnum er Reykjakot. Þar hefur Pálmi rektor Hannesson beitt sér fyrir miklum framkvæmdum, til þess að þar verði jafnan sveitasetur menntaskólans í Reykjavík. Má gera ráð fyrir, að bæði garðyrkjuskólinn og skólaselið muni stórum færa út kviarnar og á báðum þessum stöðum muni verða fjölbreytt starfsemi til uppeldisbóta og ná til margra manna.

En milli Reykjakots og Reykja er einkennilega fögur hlið, 1½ km á lengd, austan Varmár. Eru þar prýðileg hússtæði, landið að mestu gróið, en hvarvetna mikið um bæði heitt vatn og gufu. Á einum stað renna saman í þessari hlið heitur og kaldur lækur, svo að hvorki er þar skortur á hitagjafa né köldu vatni til daglegra nota, ef byggð eykst á þessu svæði. Vestan við ána er slétt mikil, uppgróið

hraun, norður frá goshvernum Grýtu. Ráðgert er, að ríkið kaupi þetta land, og væri þess mikil þörf í sambandi við efni þessarar tillögu.

Þegar Reykjaeignin var keypt, var Þorkell Þorkelsson eðlisfræðingur beðinn að rannsaka jarðhitann á þessu svæði, og gerði hann það. Fram kom á tveimur stöðum í hverum þessum efni, sem mjög er eftirsótt á baðstöðum. Síðan hefur því máli ekki verið hreyft. Erlendis eru lækninga- og heilsubótastöðvar víða reistar þar, sem er jarðhiti og heilsusamlegar uppsprettur. Eru á þessum stöðum reistar miklar byggingar, læknað settir til starfa, og flykkjast menn að þúsundum saman til skemmri og lengri dvalar. Eru þessar stöðvar mikil tekjugrein fyrir ríkin. Hér á landi virðast allar líkur benda til, að heppilegir staðir muni vera til fyrir þess háttar lækningaheimili. Einn af álitlegustu stöðunum eru Reykir í Ólfusi, þar sem jörðin liggur mitt í þéttbýlinu sunnan og vestan lands og samgöngur góðar hæði innan lands og til útlanda, einkum eftir að flugvellir komu til sögunnar nærri Reykjavík.

Landslagi háttar svo á þessu svæði, að þar gætu verið margar sjálfstæðar spítaladeildir og þó undir einni stjórn. Vil ég í því efni fyrst nefna deild, sem notaði margs konar böð, þar á meðal hveraleir, sem nóg er af á þessum stað til lækninga fyrir innlenda menn og útlenda. Ég hef heimsótt stórt sjúkrahús norðarlega á Jótlandi, sem lét sækja hveraleir suður í Tékkóslóvakíu til að nota til heilsubótar sjúklingum í Danmörku. Má nærri geta, að betur muni henta að nota slíka lækningadóma þar, sem þeir eru framreiddir af móður náttúru. Hafa baðstaðir einmitt vaxið upp í þéttbygðustu löndunum þar, sem slík náttúrugæði eru fyrir hendi. Nú er Ísland auðugt að mörgum þeim gæðum, sem hafa skapað baðstaði, þó að ekki hafi svo orðið enn hér á landi, og hefur fátækt og erfiðar samgöngur fram að þessu hindrað framkvæmdir í þessu efni. En vissulega hlýtur það að vera metnaður Íslendinga að nota á skynsamlegan hátt hvers konar náttúrugæði, sem til eru í landinu.

Ég ætla ekki að fjölyrða að þessu sinni um þau skilyrði á Reykjum, sem kynnu að draga erlenda menn að íslenskum baðstað og veita á þann hátt fjármagn inn í landið. En að hinu vil ég víkja, að hér mun vera mikil þörf fyrir slíkan lækningastað sem hér er um rætt. Gigtveiki er mjög algengur sjúkdómur hér á landi, og hafa menn leitað sér bóta í þeim efnum á Reykjum, en orðið frá að hverfa, þar sem hvorki var um að ræða viðunandi húsakynni né vól á lækningþjónustu. En af tilraunum þeim, sem almenningur hefur gert í þessu efni, má ráða, að ekki mundi skorta aðsókn að sjúkradeild fyrir gigtveika við þau náttúraskilyrði, sem til eru á Reykjum.

Önnur deild, sem mjög vanhagar um hér á landi, gæti verið fyrir konur og karla, sem þjást af þreytu, andlegri og líkamlegri. Erlendis eru til fjölmargir staðir til hressingar og lækninga, en á Íslandi er í þessu efni alger vöntun.

Að síðustu þykir hlýða að minnast á einn sjúkdóm, sem kalla mætti áfengiseitrun. Er sá sjúkdómur nú í útbreiddasta lagi hér á landi, en mannfélagið hefur ekki búið slíkum sjúklingum heilsuverndarstöð, ef frá er talinn kjallarinn í lög-reglustöðinni, þar sem þess háttar sjúklingum er í höfuðstaðnum veitt móttaka svo sem tvo klukkutíma í senn um miðjar nætur. En þar sem bornar munu verða fram á Alþingi innan fárra daga viðtækar tillögur um skynsamlega vörn gegn áfengiseitrun og þá líka vikið að þessu atriði, verður hér ekki fjölyrt meira um það efni.

Með þessari tillögu er ætlað að vekja eftirtekt ríkisstjórnarinnar, Alþingis og allrar þjóðarinnar á því, hversu merkileg skilyrði eru frá náttúrunnar hendi fyrir fjölbætta heilsubótarstöð á Reykjum í Ólfusi. Hér hefur verið lauslega drepit á nokkur verkefni, sem heppilegt væri að leysa á þeim stað. En við ýtarlega rannsókn kunnáttumanna mundi vafalaust koma í ljós, að þar væru miklu fleiri skilyrði en hér er vikið að til að efla gagnlega atvinnu í landinu og auka heilbrigði þjóðarinnar.